

Ed.

400. Frumvarp til laga

[33. mál]

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað síðasta málsl. 4. málgr. 1. gr. laganna kemur: Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningsferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma.

2. gr.

Í 6. gr. laganna, í stað „7% — sjö af hundraði —“ komi: 3% — þrjú af hundraði —.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal sérleyfisgjaldið frá 1. jan. 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 1. gr. laga þessara.